


Umhverfisstofnun
Áb. SF
10 OKT. 2003
54.73
Tilv. UST20030900098



Umhverfisstofnun

Borgarbyggð  
Borgarbraut 11  
310 Borgarnes

Umhverfisstofnun  
Umhverfisstofnun  
Umhverfisstofnun  
Umhverfisstofnun  
Umhverfisstofnun  
Umhverfisstofnun  
Umhverfisstofnun  
Umhverfisstofnun

9. október 2003

Tilvísun: UST20030900098/sf

## Deiliskipulag fjölbýlishúsalóðar við Kveldúlfsgötu í Borgarnesi

Vísað er til erindis Borgarbyggðar frá 18. september 2003 þar sem óskað er eftir álti Umhverfisstofnunar á deiliskipulagi fjölbýlishúss við enda Kveldúlfsgötu í Borgarnesi. Tillagan gerir ráð fyrir landfyllingu við götuna en á lóðinni verður heimilt að byggja eins til þriggja hæða hús ásamt bílastæðum. Þar sem svæðið sem um ræðir er á náttúruminjaskrá skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) gaf umsögn um hugsanlega landfyllingu í Borgarvogi við enda Kveldúlfsgötu með bréfi dags. 28. október 2002 með þeim fyrirvara að ekki lægi fyrir endanleg tillaga að deiliskipulagi. Var óskað eftir því að leitað yrði umsagnar stofnunarinnar á nýjan leik þegar sú tillaga lægi fyrir. Stofnunin taldi mikilvægt að fara með gát í landfyllingar í Borgarvogi og að æskilegt væri að afla frekari gagna um fuglalíf í Borgarvogi og mikilvægi einstakra svæða áður en tekin yrði ákvörðun um landfyllingar í voginum.

Í fyrrgreindri umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að samkvæmt upplýsingum sem stofnunin hafi fengið hafi ekki verið gerðar skipulegar talningar á fuglum í Borgarvogi. Samkvæmt nýjum upplýsingum kannaði Líffræðistofnun Háskólans lífríki við norðanverðan Borgarfjörð og sunnanverðan Borgarvog sumarið 2000 vegna hugmynda um hringveg um Borgarnes (sjá skýrslu Líffræðistofnunar Háskólans (2000): Rannsóknir á lífríki við Borgarnes: leirur, fitjar, gróður á landi og fuglar). Það svæði sem rannsakað var vegna hugsanlegrar veglínu um Borgarvog (veglína 4) liggur þó norðan við það svæði sem fyrilliggjandi deiliskipulagstillaga nær til. Benda má á að í skýrslu Líffræðistofnunar Háskólans segir m.a.:


„*Borgarvogur er á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996) ásamt öðrum svæðum við utanverðan Borgarfjörð vegna viðáttumikilla grunnsævissvæða, fitja og leira með miklu fuglalífi. Þessi svæði eru tiltölulega óskert. Sjávarfitjar í Borgarvogi eru sérlega miklar um sig, en enn aðeins litt kannaðar, nema í kringum veglínu leiðar 4. Fuglar sækja mikið í voginn. Þótt vegur samkvæmt leið 4 myndi ekki stefna neinni sjaldgæfri tegund í hættu, og hefði fremur staðbundin áhrif á umhverfið, væri það engu að síður mikil skemmd á þeiri náttúrufarslegu heild, sem Borgarvogur er, að leggja veg um leirur og fitjar þar.*“

Fyrirhuguð landfylling mun raska sjávarfitjum við enda Kveldúlfsgötu og enn fremur hafa áhrif á leirur í Borgarvogi. Eins og fram kemur í umsögn Náttúruverndar ríkisins frá 28. október 2002 er Borgarvogur á náttúrumuinjaskrá, sem og á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International) yfir fuglasvæði sem eru alþjóðlega mikilvæg. Þá eru sjávarfitjar og leirur vistkerfi sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leirur eru mikilvægir viðkomustaðir ýmissa fuglategunda, einkum vaðfugla, andfugla og máfa, og eru leirur í Borgarvogi mikilvægar sem fæðuöflunarsvæði fyrir fugla.


Sjávarfitjar, þ.e. svæði vaxin háplöntugróðri sem fara undir sjó annað slagið, eru sjaldgæfar hérlandis. Benda má á að í bókinni *Íslensk votlendi, verndun og nýting* segir m.a. í kafla um sjávarfitjar (Agnar Ingólfsson): „*Ekki fer á milli mála að sjávarfitjar og fitjatjarnirnar sem þeim fylgja eru merk náttúrufyrirbæri. Lífrikið er sérstætt og nokkrar tegundir dýra og plantna finnast ekki nema á fitjum.*” Umhverfisstofnun bendir á að ekki liggja fyrir rannsóknir á sjávarfitjunum við enda Kveldúlfsgötu og því ekki ljóst hver tegundafjölbreytnin er á svæðinu né hvort þar er að finna sjaldgæfar tegundir. Þá eru sjávarfitjar í Borgarvogi enn lítt kannaðar, sbr. upplýsingar í framangreindri skýrslu Líffræðistofnunar Háskólans.

Umhverfisstofnun ítrekar nauðsyn þess að farið verði varlega í allar framkvæmdir við Borgarnes sem raska sjávarfitjum og leirum, enda hafa þessi vistkerfi mikið verndargildi. Þau svæði sem enn eru eftir óröskuð hafa sífellt meira verndargildi þar sem stöðugt gengur á þessi svæði vegna ýmissa framkvæmda, s.s. landfyllinga. Að mati stofnunarinnar er eðlilegt að það svæði sem fer undir fyrirhugaða landfyllingu verði rannsakað með tillit til náttúrufars og verndargildi þess metið áður en tekin er ákvörðun um hvort ásættanlegt er að raska því. Stofnunin mælist því til þess að fyrirliggjandi deiliskipulag verði ekki samþykkt að svo stöddu.

Virðingarfyllst,



Sigrún Þórhildur  
Sigrún Þórhildur



Gunnar S. Jónsson  
Staðgengill forstöðumanns  
framkvæmda- og eftirlitssviðs

Afrit: Skipulagsstofnun.